



Almennar upplýsingar um þing UNR 2025

Hvað er UNR?

Norðurlandaráð ungmenna rf. (UNR) er vettvangur stjórnmálasamtaka ungs fólks á Norðurlöndum. Þing UNR er fundarstaður ungs fólks á Norðurlöndum sem tekur virkan þátt í stjórnmálum og þar eru rædd mál sem eru efst á baugi í norrænu samstarfi.

Hvenær er þingið haldið?

Þingið 2025 fer fram 24.-26. október 2025 í Stokkhólmi, Svíþjóð.

Hver taka þátt?

Þingið sækja fulltrúar ungliðasamtaka þeirra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á þjóðþingum landanna eða sambærilegum stofnunum. Áheyrnaraðild að UNR eiga ýmis félagasamtök ungs fólks á Norðurlöndum. Á þingið er einnig boðið öðrum samtökum og aðilum sem starfa að málefnum sem varða Norðurlönd og áhugaverðum gestafyrirlesurum.

Dagskrá þingsins

Dagskrá þingsins er birt á vefsíðu þingsins á unginorden.org.

Ályktunartillögur

Ályktunartillögur eru sendar rafrænt eigi síðar en fjórum vikum áður en þing hefst, það er í síðasta lagi 26. september 2024. Ályktanir sem berast tímanlega verða þýddar í heild á finnsku, íslensku og skandinavísku. Ályktanir mega vera **1560 stafabil** að hámarki, að meðtalinni fyrirsögn, inngangi og tillöguliðum. UNR annast ekki þýðingar á ályktunum sem berast of seint, þá er það viðkomandi aðildarsamtaka að ákveða hvort þau þýði ályktunartillöguna á eigin kostnað.

Athugið að auk þeirra samtaka sem flytja tillöguna verða önnur samtök að styðja hana til þess að hún verði tekin til afgreiðslu á þingi.

Starfsreglur

Tillaga að starfsreglum þingsins verður send aðildarsamtökunum um leið og fundarboðið. Starfsreglurnar eru samþykktar á þinginu.

Skráning

Skráning á þingið í ár hefst 1.8.2025 og fer fram rafrænt gegnum krækju sem verður send til aðildarsamtakanna.

Þátttökugjaldið er 250 evrur á einstakling ef skráning fer fram í síðasta lagi 31.8.2025. Þátttökugjaldið hækkar í 300 evrur ef skráð er á tímabilinu 1.-21.9.2025.

Reikningur fyrir þátttökugjaldi er sendur til viðkomandi samtaka og skrifstofan kannar fyrir þing hvort greiðsla hafi borist. Í þátttökugjaldinu er einnig innifalin gisting meðan þing Norðurlandaráðs stendur yfir 28.10.-31.10.2025 ef þingfulltrúi ykkar tekur einnig þátt í því. Fráfarandi og nýkjörin forsætisnefnd eru hvattar til að taka þátt í þingi Norðurlandaráðs.

Aðildarsamtök og þingfulltrúar ábyrgjast að veita réttar upplýsingar um nafn, aldur o.fl. á skráningareyðublaðinu. Nafn þingfulltrúans verður að vera nákvæmlega eins og í vegabréfi.



Ef fulltrúi samtaka ykkar er **undir lögaldri** er farið fram á **vottorð frá forráðamönnum þingfulltrúans** þess efnis að þátttaka hans sé á eigin ábyrgð, ábyrgð viðkomandi aðildarsamtaka eða forráðamanna.

UNR sér ekki um að bóka, afpanta eða breyta bókun á ferðum þingfulltrúa eða ferðafélaga þeirra. Ferðir eru endurgreiddar að þingi loknu.

Þátttökugjald

Fulltrúar með atkvæðisrétt

Öll aðildarsamtök geta sent einn fulltrúa með atkvæðisrétt á þingið. Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu hafa umboð frá sínum samtökum, sem veita þeim rétt til að fara með atkvæði samtakanna á þinginu.

Atkvæðum má ekki dreifa á fleiri einstaklinga. Atkvæði má heldur ekki framselja með umboði til annarra samtaka.

Lista yfir aðildarsamtök er að finna á vefsíðunni unginorden.org.

Sjá nánar undir yfirskriftinni viðbótarfulltrúar ef samtök vilja senda fleiri en einn fulltrúa.

Áheyrnarsamtök

Samtök með áheyrnaraðild að UNR geta sent fulltrúa á þingið. Stjórnin sér um að færa skrá yfir áheyrnarsamtök en hana er að finna á vefsíðunni unginorden.org.

Sjá nánar undir yfirskriftinni viðbótarfulltrúar ef samtök vilja senda fleiri en einn fulltrúa.

Viðbótarfulltrúar

Aðildarsamtök og áheyrnarsamtök geta sent fleiri en einn fulltrúa á þingið. Um viðbótarfulltrúa gilda eftirfarandi reglur.

Kostnaður fyrir viðbótarfulltrúa væri sem hér segir:

Fyrsti viðbótarfulltrúi: Fæði og gisting er innifalin í þátttökugjaldi fyrsta viðbótarfulltrúa. Ferðir eru ekki endurgreiddar.

Hafið samband við skrifstofu UNR á netfanginu unr@unginorden.org ef samtök ykkar vilja senda fleiri en einn fulltrúa, til að ganga úr skugga um að sæti séu laus.

Aðrir viðbótarfulltrúar: Aðrir viðbótarfulltrúar greiða sjálfir þátttökugjald og gistingu. Dagskrá og máltíðir eru innifaldar í þátttökugjaldi.

ATHUGIÐ! Skráning er bindandi!

Hvað er innifalið í þátttökugjaldi?

- Ferðakostnaður til og frá Stokkhólmi fyrir einn þingfulltrúa á hver aðildarsamtök sem er endurgreiddur í samræmi við töfluna.
- Gisting í tveggja manna herbergi
- Máltíðir sem eru innifaldar í dagskránni



Ferðaskilmálar

Þingfulltrúi og viðkomandi aðildarsamtök ábyrgjast að kynna sér ferðaskilmálana vandlega áður en ferðir eru bókaðar. Þingfulltrúi ábyrgist sjálfur að bóka ferðir á þingið og heim aftur. UNR endurgreiðir ferðakostnað fyrir einn þingfulltrúa á hver aðildarsamtök samkvæmt þeim fjárhæðarmörkum sem gefin eru. Nánari upplýsingar um ferðaskilmála er að finna í ferðaskilmálum UNR (fylgiskjal).

Ferðaskilríki

Þingfulltrúi ábyrgist sjálfur að vera með gild ferðaskilríki.

Tryggingar

Þingfulltrúi ábyrgist sjálfur að vera með gilda ferðatryggingu meðan á ferðalaginu stendur.

Forföll og ógreiddar skuldir

Veikist þingfulltrúi eða óvænt forföll koma í veg fyrir þátttöku hans á þinginu skal **tilkynna forföll skriflega** á skrifstofu UNR á netfangið unr@unginorden.org. Þátttökugjald er endurgreitt gegn framvísun læknisvottorðs frá þingfulltrúa eða vottorði frá aðildarsamtökunum um breytta hagi hans. Kynnið ykkur vandlega tryggingarskilmála því ferðatrygging getur greitt kostnað vegna ferðar sem er aflýst.

Afpanta verður í síðasta lagi **viku fyrir** brottför.

Vanræki aðildarsamtök greiðsluskyldu sína eða láist þeim að tilkynna um forföll fá þau skriflega ábendingu um vanræksluna. Skrifstofa UNR getur krafist aðildarsamtök um greiðslu þátttökugjalds og útlagðs kostnaðar skrifstofunnar.

Reglur um meðferð persónuupplýsinga

Norðurlandaráð ungmenna rf. ber ábyrgð á skránni. Umsýsluaðili UNR er Pohjola-Nordens Ungdomsförbund rf. (PNU), FO-nummer 0276102-2, Topeliusgatan 20, FIN-00250 Helsinki, Finnlandi. PNU er sá lögaðili sem ber lagalega ábyrgð á meðferð upplýsinga og verklagsreglum UNR. Reglur þessar eru sóttar í sambærilegt skjal PNU, að undanskildum þeim sem eiga sérstaklega við um starfsemi UNR. Reglur UNR um meðferð persónuupplýsinga er að finna í heild sinni á vefsíðunni (<https://unginorden.org/om-os/dataskydd-gdpr>).

Aðeins er aflað nauðsynlegra persónuupplýsinga fyrir undirbúning og framkvæmd þingsins. UNR meðhöndlar þar með einnig upplýsingar sem flokkast undir persónuupplýsingar, það er viðkvæmar upplýsingar. Það geta verið heilbrigðisupplýsingar, til dæmis um ofnæmi, eða upplýsingar um flokkstengsl. Meðferð PNU og UNR á persónuupplýsingum fer fram gegnum stafræn upplýsingakerfi og stafræna þjónustu sem trúnaðarmál og í læstum kerfum.

Nánari upplýsingar: unr@unginorden.org